

Foreldrafélag Naustaskóla, fundur 10. apríl 2012

Mættir: Erla Rán, Ásdís, Vaka, Höskuldur, Áshildur, Lilja og Sigríður

Árshátíð

Varðandi bakstur: Foreldrafélagið sá um skipulag, nemendur í 6 og 7.bekk komu með þrennt á hlaðborðið hver og nemendur í 5.bekk með eitthvað eitt. Magn veitinga var fínt en of mikið var af skúffukökum og of lítið af heitum réttum. Á næsta ári mætti biðja 5.bekk að koma með ósætt eingöngu en líklega þarf að bæta við veitingar á næsta ári og jafnvel að biðja 4.bekk að vera með. Einnig gafst mjög vel að hafa tvo innganga og tvö hlaðborð, dreifði álagi vel.

Almennt um árshátíð:

Betur heppnuð en í fyrra, sú besta hingað til en þó eru atriði sem mega betur fara s.s. varðandi það að fá alla til að koma fram. Tæknimenn og fólk bakvið tjöldin á líka að vera kynnt og koma fram og hneigja sig. Við viljum að allir séu kynntir til leiks og stígi á sviðið. Það er gaman að sjá hve hæfileikar barna sem eru í tónlistarnámi fá að njóta sín á samkomum skólans og ánægjulegt hve mörg börn í skólanum stunda tónlistarnám. Hins vegar væri gaman að sjá fleiri og fjölbreyttari atriði á samkomum skólans sbr. atriðin sem voru á hæfileikakeppninni, þar voru m.a. myndbönd og töfrabrogð.

Á samverustundum mætti til dæmis skipta krökkunum í hópa sem ákveða atriði sameiginlega þannig að allir séu með í atriði a.m.k. einu sinni að vetrinum. Við myndum vilja sjá fleiri nemendur virkjaða í undirbúning fyrir samverustundir eða atriði á árshátíð, s.s. til að semja atriði og útfæra í stað þess að það sé jafnvel í höndum eins nemanda eða eingöngu kennara. Þyrfti væntanlega meiri tíma í undirbúning og krefst þess að kennarar reyni að "lesa" úr nemendum hvar þeir væru líklegastir til að blómstra, myndi litla hópa og fái þeim verkefni.

Gleði yfir danssýningunni. Frábært framtak.

Frímínútur og skólalóð

Of mörg börn saman í frímínútum. Viljum sjá frímínútum skipt á milli bekkja svo minni árekstrar skapist í forstofu og úti og einnig til að betri nýting verði á fótboltavelli og tækjum á skólalóð. Vantar klárlega annan sparkvöll og fleiri leiktæki. Kom líka upp hugmynd að kennarar yrðu meira með nemendum í frímínútum og skólaliðar sæju um nesti og lestur í staðinn.

Bekkjastarf

Almennt virðist léleg mæting foreldra á skipulagsfundi/undirbúning fyrir bekkjarkvöldið. Einnig er léleg mæting hjá foreldrum á bekkjarkvöldum hjá 5.bekk, ein af grunnhugmyndum bak við bekkjarkvöld er sú að þarna sé vettvangur fyrir foreldra til að hittast og kynnast. Spurning um að endurskoða og skapa ákveðnar reglur um hvað skuli gert í hverjum árgangi (sem megi þó alveg breyta ef foreldrar kjósi svo). Vídeókvöld almennt ekki alveg að þjóna sínum tilgangi varðandi það að foreldrar kynnist og spjalli, en spilakvöld koma t.d. vel út. Þarf að ræða á haustkynningum næsta haust hvort foreldrar vilji halda þessu

áfram, ef fáir nenna að taka þátt þá eru forsendur svolítið brostnar í þessu.

Frístund

Börn sem eru ekki í Frístund mega ekki koma á völinn á Frístundartíma.

Okkur finnst það kannski ekki alveg sanngjarnt þar sem þetta er eini völlurinn í hverfinu og mjög vinsæll hjá mörgum. Köllum eftir gæslu og stýringu frá Frístund á þeirra tíma svo sem flestir fái að vera með. Ef börn fara ekki að reglum þá má vísa þeim frá vellinum en reglan væri þá frekar að vistun reyni hvað þau geta til að hafa þau með.

Fréttir frá Samtaka

Gunnar Gíslason fræðslustjóri segir að öll forföll séu leyst. Köllum eftir talningu á fjarvistum kennara og stuðningsaðila í Naustaskóla út frá teymlum og sérgreinum. Spurning hvort foreldrar geri sér almennt grein fyrir því hversu oft vanti kennara í teymi, sem skapar auðvitað meira álag á þá sem fyrir eru.

Enn er verið að skoða íþróttaskóla barnanna fyrir 1-4.bekk. Logi Einarsson er fulltrúi skólanefndar vegna verkefnisins. Þá myndu börn æfa allflestar íþróttir innan síns skólatíma og þá væri öll fjölskyldan búin að ljúka sínum vinnudegi klukkan 16.